



----- Verð og framboð lífræna íblöndunarefna í gróffóður 2023 -----

Verð: kr per tonn heys án vsk

Vöruheiti	Fóðurblandan	Lífland	Landstóli/ Vélavali	Bústóli	Kýrland	Kemi	Umsögn - fengin af heimasíðum söluaðila	Mygluvörn og/eða gerjunarhemlar	Ensim/Hvatar
Sil all 4x4	340 kr				284 kr		Duft sem inniheldur frostþurrkaða mjólkursýrugerla og hvata (ensím) sem brjóta niður tréni. SilAll 4x4 bætir verkun á votverkuðu fóðri (20-60% þe) við allar heyverkunaraðferðir. Sil-All 4x4 tryggir mjög öfluga gerjun allt gerjunarferlið, lágmarkar verkunartap og skilar mjög lystugu fóðri. Sil-all 4x4 bætir næringargildi fóðurs og eykur át og afurðir.	já	já
EcoCool Liquid	272 kr			269 kr			Tvöföld virkni. Inniheldur sérstakan stofn einsleitra baktería, MTD/1 og fjölgerandi bakteríur PJB/1. Einsleitu bakteríurnar eru ráðandi í gerjuninni til að gera fóðrið lystugt og fjölgerjandi bakteríurnar stoppa vonda gerjun í loftgötunum. Hentar í sein slegið gras og heilsæði þar sem sérstaklega er hætt á loftgötum í verkuninni.	já	
EcoSyl 100 Liquid	246 kr			242 kr			Inniheldur sérstakan stofn einsleitra baktería, MTD/1. Vinnur vel á breiðu sviði verkunar. Bæði sýrustigs og þurrefnisinnihalds, Bakteríurnar virka í gegnum allt gerjunar tímabilið og virka strax við íblöndun. Hentar vel í rúlluverkað gras og stæður með þurrefni um 30%.		
DA Ecobale Liquid				290 kr			Tvöföld virkni. Inniheldur sérstakan stofn einsleitra baktería, MTD/1 og kalísorbat. Bakteríurnar tryggja rétta gerjun og kalísorbat kemur í veg fyrir sveppa- og myglumyndun. Hentar vel fyrir stæður með þurrefni um 40%.	já	
Melassi		1674 kr*					Flijótandi melassi er orkuríkt fóðurefni sem getur aukið lystuleika fóðurs og er notaður sem bindiefni við fóðurgerð. Melassa má jafnframt nota sem íblöndunarefni í sykurlág hey þar sem hann getur lagt mjólkursýrgerlum til þá orku sem þarf til við gerjun votheys. *Miðað við 4L í hvert tonn af heyi		
Magniva Platinum 2		326 kr					Sérstaklega ætlað fyrir vothey með meira en 30% þurrefnisinnihald og hátt sykurrinnihald þar sem von getur verið á áskorunum í verkun. Nýtist einnig í vasað korn.	já	
Magniva Platinum 3		375 kr					Ensimbætt íblöndunarefni sem er sérstaklega ætlað fyrir vothey með meira en 30% þurrefnisinnihald og lágt sykurrinnihald þar sem von getur verið á áskorunum í verkun. T.d. Fyrir slægju sem er rík af smára, próteinríkan en sykurlágan seinni slátt eða álika.	já	já
Josilac Classic			376 kr				Lífrænt íblöndunarefni fyrir betri verkun á heyi, hvort sem er í stæður, rúllur eða stórþagga. Hentar fyrir allar gerðir af grasplöntum, græn fóðri og belgjurtum. Bestur árangur næst með 20-40% þurrefnismagni í vothei.		já
Josilac Ferm			204 kr				Lífrænt íblöndunarefni fyrir betri verkun og geymslueiginleika á heyi sem er ekki vothey, hvort sem er í stæður, rúllur eða stórþagga. Hentar fyrir allar gerðir af grasplöntum, græn fóðri og belgjurtum. Bestur árangur 40-60% þurrefnismagni.	já	
HeyMAX					212 kr		HeyMAX tryggir mjög öflugan gerjun allt gerjunarferlið, lágmarkar verkunartap og skilar mjög lystugu fóðri. HeyMAX bætir næringargildi fóðurs og eykur át og afurðir. Efnið hentar öllum heyverkunaraðferðum, rúllum, böggum, stæðum eða turnum.		
HeyCOOL					232 kr		HeyCOOL er einkum ætlað í gryfjur eða stæður þar sem talin er hætt á hitamyndun þegar farið er að gefa úr stæðunni. HeyCOOL skilar lystugu fóðri með misleitri gerjun þar sem gerjunarferlið er ediksýra ásamt mjólkursýru og dregur þar með úr virkni ger- og myglusveppa.	já	
Lalsil Dry HC						241 kr	Íblöndunarefni fyrir grasslægju og er ætlað til varðveislu á grasi og græn fóðri. Efninu er ætlað að tryggja geymsluþol og stöðugleika við loftháðar aðstæður fyrir hey með lágt sykurmagn og lágt hlutfall þurrefnis.	já	já



----- Verð og framboð á lífrænum sýrum og rotvarnarefnum í gróffóður 2023 -----

Verð: kr per tonn heys án vsk (miðað við 5L per tonn heys)

Vöruheiti	Kemi	Lifland	Kýrland	Olís	Skeljungur	Umsögn - fengin af heimasíðum söluaðila	Mygluvörn og/eða gerjunarhemlar
Própiónsýra				1.600 kr		Própiónsýra 99% er til hjá Olís (1000 kg)	já
Maurasýra	1.649 kr	3.476 kr		4.688 kr		Maurasýra 85% er til hjá Lifland og Olís (24 kg) og Kemi (1200 kg)	já
Ediksýra	3.492 kr			3.425 kr	2.453 kr	Ediksýra 80% í matvæli er til hjá Kemi (1200 kg), Olís (1000 kg), Skeljungur (1050 kg)	já
NaProp			194-755 kr*			NaPop er salt af própiónsýru, selt í 25 kg pokum og leysanlegt í vatni. Efnið inniheldur natríum própiónat og er aukafni til notkunar í fóður dýra. *Magn efnis fer eftir þurrefni í heyi.	já